

AUGLÝSING
um lengdan gjaldskyldutíma og gjaldskyldu á sunnudögum
á stöðureitum í Reykjavíkurborg.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hefur, í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að gjaldskyldutími á gjaldsvæði 1 á virkum dögum og á laugardögum verði lengdur þannig að almenn gjaldskylda á bílastæðum á gjaldsvæði 1, að undanskildu Borgartúni, verði frá 09.00 til 20.00 virka daga og frá 10.00 til 20.00 á laugardögum.
2. Að almenn gjaldskylda verði á bílastæðum á gjaldsvæði 1, að undanskildu Borgartúni, frá 10.00 til 16.00 á sunnudögum.

Ákvörðunin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 26. febrúar 2020.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.